

69

19. júní

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

70

19. júní

L Ö G

um útflutning saltaðrar síldar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé islenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt ein-

kennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð. 70
19. júní

2. gr.

Bannað er að afvatna sild, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík sild auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða sild sé að ræða.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 50—1000 kr., gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í rikissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

L Ö G

um innlánsvöxtu.

71

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er